

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn</i> <i>kg</i>	<i>Verðtollur</i> <i>%</i>	<i>Magntollur</i> <i>kr./kg</i>
<b>a)</b>					
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.05 - 30.06.06	53.000	0	196
<b>b)</b>	<i>Ostur og ystingur:</i>		119.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.05 - 30.06.06		0	139
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.05 - 30.06.06		0	139
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.05 - 30.06.06		0	104
0406.4000	Gráðostur	01.07.05 - 30.06.06		0	160
0406.9000	Annar ostur	01.07.05 - 30.06.06		0	156

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

#### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 4. gr.

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2005 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir.